

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

4. í stað „30. júní 1998“ í 7. gr. komi „30. júní 2001“.

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1617/93 er breytt sem hér segir:

2. gr.

1. fyrsti og annar undirliður í 1. gr. falli niður;
2. 2. og 3. gr. falli niður;
3. ii-liður í 6. gr. falli niður;

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópuandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 26. maí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT
framkvæmdastjóri.

GJALDSKRÁ

Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðisaukaskattur er ekki innifalinn í upphæðunum.

1. gr.

Leyfisbréf fyrir búnað fyrir þráðlaus fjarskipti.

Leyfisbréf fyrir notkun búnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti eru gefin út af Póst- og fjarskiptastofnun þegar hann er tekin í notkun, við eigendaskipti og við allar breytingar á búnaði. Sjá 14. gr. um búnað sem er leyfisskyldur.

	kr.
1.1 Leyfisbréf skipa og flugvéla með milli-/stuttbylgjustöð	4.400
1.2 Leyfisbréf skipa og flugvéla án milli-/stuttbylgjustöðvar	2.200
1.3 Leyfisbréf fastastöðva á landi með sértíðnum og sendiafli yfir 100 w	7.500
1.4 Leyfisbréf fastastöðva á landi með sértíðnum og sendiafli minna en 100 w	3.750
1.5 Leyfisbréf farstöðva á landi með almennar tíðnir eða sértíðnir, þ.m.t. stöðvar með skipa-, flugvéla- og gervitunglatíðnum	2.200
1.6 Leyfisbréf jarðstöðva sem geisla meira en 50 dBW og eru ekki hluti af innviðum almennra fjarskiptaneta	4.750
1.7 Leyfisbréf jarðstöðva sem eru hluti af almennum fjarskiptanetum	9.500
1.8 Leyfisbréf fyrir útvarpssenda	9.500
1.9 Leyfisbréf fyrir fastasambönd sem ekki eru hluti almennra fjarskiptaneta	4.750

Leyfisbréf eru ekki gefin út fyrir öðrum fastastöðvum í almennum fjarskiptanetum enda séu tæknilegir eiginleikar stöðvanna í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun getur sett.

2. gr.

Skoðunargjald fyrir radiótæki í skipum og flugvélum.

	kr.
2.1 Skoðunargjald fyrir radiótæki í skipum og flugvélum með milli-/stuttbylgju	25.000
2.2 Skoðunargjald fyrir radiótæki í skipum og flugvélum án milli-/stuttbylgju	16.000
2.3 Aukaskoðun radiótækja skv. 2.1	15.000
2.4 Aukaskoðun radiótækja skv. 2.2	9.600

3. gr.

Árlegt starfrækslugjald fyrir radiótæki í skipum, flugvélum og fyrir landstöðvar.

	kr.
3.1 Starfrækslugjald vegna radiótækja í skipum og flugvélum	4.000
3.2 Starfrækslugjald fyrir smábáta og flugvélar sem eingöngu eru búin metra- bylgju	2.000
3.3 Starfrækslugjald fyrir faststöðvar í landi (móðurstöðvar) með sértíðnum	4.000
3.4 Starfrækslugjald fyrir farstöðvar í landi, þ.m.t. stöðvar með almennar skipa-, flugvéla- og gervitunglatíðnir	2.200
3.5 Starfrækslugjald fyrir farstöðvar í landi með sértíðnum:	
3.5.1 Tveggja tíðni rásir	2.400
3.5.2 Einnar tíðni rásir	1.800
3.5.3 Sítónn á einnar tíðni rásurum	1.080
3.6 Starfrækslugjald fyrir talstöðvar með skammtímaleyfi, gildir lengst í 6 mánuði	1.500
3.7 Starfrækslugjald fyrir jarðstöðvar sem geisla meira en 50 dBW og eru ekki hluti af innviðum almennra fjarskiptaneta	25.000
3.8 Starfrækslugjald fyrir jarðstöðvar sem eru hluti almennra fjarskiptaneta ..	40.000

Björgunarsveitum sem eru meðlimir landsamtaka björgunarsveita er veittur 75% afsláttur af gjöldum samkvæmt 3.5.1 og 3.5.2 en krefjast má að gögn um aðild séu lögð fram.

4. gr.

Árleg starfrækslugjöld fyrir fastasambönd.

	kr.
4.1 Radióleiðir á metra- og örbylgju með 1-4 talrása flutningsgetu	5.000
4.2 Radióleiðir á metra- og örbylgju með 5-29 talrása flutningsgetu	12.000
4.3 Radióleiðir á metra- og örbylgju með 30-119 talrása flutningsgetu	24.000
4.4 Radióleiðir á örbylgju með 120 talrása flutningsgetu og yfir	40.000
4.5 Radióleiðir á örbylgju með einni sjónvarpsrás	36.000
4.6 Radióleiðir á metra- og örbylgju með flutningsgetu allt að 2 Mb/s	24.000
4.7 Radióleiðir á örbylgju með flutningsgetu 2-7,9 Mb/s	27.000
4.8 Radióleiðir á örbylgju með flutningsgetu 8-44 Mb/s	35.000
4.9 Radióleiðir á örbylgju með flutningsgetu 45 Mb/s og yfir	50.000

5. gr.

Árlegt starfrækslugjald fyrir senda í farsímanetum.

5.1 Fyrir hverja talrás eða jafngildi hennar í sendi í farsímanetum	kr. 2.700
---	--------------

6. gr.

Árlegt starfrækslugjald fyrir senda í Tetra netum.

6.1 Fyrir hverja burðarbylgju í sendi í móðurstöð í Tetra neti	kr. 3.000
--	--------------

7. gr.

Árlegt starfrækslugjald fyrir almenn boðkerfi.

7.1 Fyrir hvern sendi í boðkerfi	kr. 15.000
--	---------------

8. gr.

Árlegt starfrækslugjald fyrir þráðlaus notendakerfi á örbylgju, þ.m.t. á 10,7-12,5 GHz.

8.1 Fyrir hvert MHz sem heimilað er að nota alls staðar á landinu	kr. 15.000
8.2 Fyrir hvert MHz sem heimilað er að nota á höfuðborgarsvæðinu	9.000
8.3 Fyrir hvert MHz sem heimilað er að nota á einstökum stöðum annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu	1.000

9. gr.

Árleg starfrækslugjöld fyrir strandarstöðvasenda og senda í flugþjónustu.

9.1 Fyrir senda á tíðnum yfir 30 MHz	kr. 5.000
9.2 Fyrir senda á tíðnum 30 MHz og lægri	15.000

10. gr.

Árleg starfrækslugjöld fyrir útvarpssenda.

10.1 Sjónvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	kr. 260.000
10.2 Sjónvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	180.000
10.3 Sjónvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	110.000
10.4 Sjónvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	56.000
10.5 Sjónvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	36.000
10.6 Sjónvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	20.000
Starfrækslugjald fellur niður fyrir sjónvarpssenda með sendiafl minna en 2 W sem þjóna svæði með færri en 100 íbúum. Starfrækslugjöld skv. 10.1-10.6 gilda einnig fyrir senda í tíðnisviðinu 2,5-2,7 GHz.	
10.7 Hljóðvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	72.000
10.8 Hljóðvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	45.000
10.9 Hljóðvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	31.000
10.10 Hljóðvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	11.000

10.11 Hljóðvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	8.000
10.12 Hljóðvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	6.200
10.13 Gjald fyrir tímabundið leyfi fyrir hljóðvarpssendi, lengsti tími 4 vikur	7.000

Starfrækslugjald fellur niður fyrir hljóðvarpssenda með sendiafl minna en 2 W sem þjóna svæði með færri en 100 íbúum.

Með Suðvesturlandi er hér átt við svæðið frá Suðurnesjum til Akraness.

11. gr.

Leyfisbréf og skírteini fyrir einstaklinga.

	kr.
11.1 Leyfisbréf radióáhugamanna	2.500
11.2 Leyfisbréf nýliða í hópi radióáhugamanna (gildir í 2 ár)	1.750
11.3 Bráðabirgðaleyfi erlendra radióáhugamanna	1.900
11.4 Skírteini loftskeytamanna (gildir í 5 ár)	2.500
11.5 Skírteini talstöðvavarða (gildir í 5 ár)	2.500
11.6 Rannsóknarleyfi	30.000

12. gr.

Númeragjald.

	kr.
12.1 Árlegt gjald fyrir hvert 7 eða 9 tölustafa talsímanúmer sem er úthlutað til fjarskiptafyrirtækja	5
12.2 Árlegt gjald fyrir 4 tölustafa stuttúmer	200.000
12.3 Árlegt gjald fyrir 3 tölustafa stuttúmer	1.000.000

13. gr.

Ýmis gjöld.

	kr.
13.1 Mælitækjaleiga á klst.	3.900
13.2 Innsiglisgjald, sbr. 12. tl. 14. gr.	4.800

Fyrir aðra þjónustu skal greiða samkvæmt útseldum taxta fyrir viðkomandi starfsmann.

14. gr.

Almenn ákvæði og skilmálar.

- Eigandi sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti skal senda Póst- og fjarskiptastofnun skriflega umsókn um leyfi til notkunar hans ásamt nauðsynlegum upplýsingum um búnaðinn og tilgang notkunar. Sendar sem eru leyfisskyldir eru:

- Allir sendar sem ákveða þarf tíðni fyrir í hverju tilfelli, þ.m.t. útvarpssendar, talstöðvar á metra- og desimetrabylgju, sendar fyrir fastasambönd og jarðstöðvar.
- Fjarskiptabúnaður í skipum, loftförum og öðrum farartækjum, sbr. 47. gr. laga um fjarskipti.

Sendar sem ekki eru leyfisskyldir eru:

- Notendabúnaður í almennri fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. farsímar og Tetra talstöðvar.
- Almenningsalstöðvar í viðurkenndum tíðnisviðum, þ.m.t. 27 MHz.
- Lágafsbúnaður í sérstökum tíðnisviðum fyrir ákveðna notkun, t.d. fjarstýringar, sjá lista á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar, www.pfs.is.

Tæknilegir eiginleikar senda sem ekki eru leyfisskyldir verða að vera í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun kann að setja.

2. Verði leyfi veitt gefur Póst- og fjarskiptastofnun út leyfisbréf þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, tíðni, tæknieiginleikum búnaðarins, leyfistíma o.fl. Fyrir hvert leyfi greiðist leyfisbréfastgjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldið gjaldfellur við afhendingu leyfisbréfs. Vanræki eigandi búnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti að sækja um leyfisbréf skal honum engu að síður skylt að greiða leyfisbréfastgjald, jafnvel þó að hann hafi ekki búnaðinn lengur undir höndum þegar hann er krafinn um greiðslu.
3. Búnaður fyrir þráðlaus fjarskipti í flugvélum, skipum og bátum með þilfari skal skoðaður einu sinni á ári af Póst- og fjarskiptastofnun eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir eða af öðrum sem stofnunin hefur falið eða heimilað að skoða. Eigendum annars leyfisskylds sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti er heimilt að koma með hann til skoðunar.
4. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi eigandi eða stöðvarvörður fyrir hans hönd sjá um að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi svo að prófa megi búnaðinn. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t.d. við skoðun gúmbjörgunarbáta og þ.u.l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi aukakostnað sem af því kann að leiða. Sé einhverra ástæðna vegna þörf fyrir aukaskoðun, greiðist fyrir hana samkvæmt 2.3 eða 2.4 gr. að viðbættum ferðakostnaði.
5. Leyfishafa sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti á almennum fjarskiptatíðnum ber að sjá um að enginn starfræki leyfisskyldan búnað nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og fjarskiptastofnun sem heimilar honum starfrækslu slíks búnaðar. Búnaðurinn er þó alltaf undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hans á ábyrgð þeirra. Leyfisbréf skal ávallt vera fyrir hendi í farartæki því sem leyfisbréfið miðast við.
6. Gildistími nýliðaleyfis radióáhugamanna er 2 ár, gildistími bráðabirgðaleyfis erlendra radióáhugamanna er 6 mánuðir og gildistími skírteina loftskeytamanna og talsímavarða er 5 ár. Skammtímaleyfi fyrir talstöðvar gildir lengst í 6 mánuði og skammtímaleyfi fyrir hljóðvarpssenda í 4 vikur.
7. Gjaldldagi árlegra gjalda er 15. mars og eindagi 1. apríl. Gjaldið skal sá greiða sem skráður er eigandi á gjaldldaga. Leyfishafi sem selur þráðlausan sendibúnað ber ábyrgð á því að tilkynna eigendaskipti. Tilkynning um eigendaskipti skal undirrituð af seljanda og kaupanda. Eyðublöð eru á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar, www.pfs.is. Berist Póst- og fjarskiptastofnun ekki fullnægjandi tilkynning um eigendaskipti ber seljandi áfram ábyrgð á greiðslu gjaldanna.
8. Gjaldldagi annarra gjalda skv. gjaldskrá þessari er 15 dögum eftir útsendingu reiknings. Eindagi er 15 dögum eftir gjaldldaga.
9. Eigandi farartækis ber ábyrgð á sendibúnaði fyrir þráðlaus fjarskipti sem í farartækinu er og er skráður eigandi farartækis á gjaldldaga ábyrgur fyrir gjöldum af búnaðinum.
10. Falli gjöld í eindaga ber að greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjaldldaga til greiðsludags í samræmi við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.
11. Hafi áfallin gjöld fyrir skoðun sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti ekki verið greidd á eindaga er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að láta innsigla viðkomandi búnað. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig að nota megi búnaðinn í neyðartilfalli.
12. Hafi sendibúnaður fyrir þráðlaus fjarskipti verið innsiglaður vegna vanskila eða annarra brota skal leyfishafi greiða innsiglisgjald áður en enduroppnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar skal leyfishafi greiða.
13. Leyfi til starfrækslu sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti má segja upp með minnst mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðarmót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu búnað-

arins. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfishafi ber ábyrgð á greiðslu gjalda sem falla á fram til þess tíma sem fullnægjandi tilkynning um uppsögn berst Póst- og fjarskiptastofnun.

15. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 598/1997, frá 20. október 1997.

Samgönguráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á kartöflum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar fjármálaráðherra tollkvóta skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs, dags. 22. mars 2000, um viðskipti milli landanna og á grundvelli 6. gr. B í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á kartöflum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
	Kartöflur	01.01.02-31.12.02	15.000	0	0
2005.2002	Sneiddar eða skornar.				
2005.2003	Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli.				

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvóta er úthlutað skv. auglýsingu fjármálaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Tollkvóta er úthlutað í einu lagi. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.